

sérstakra starfa innan þjóðkirkjunnar á vegum biskups og kirkjuráðs, enda taki þeir full árslauð úr Kristnisjóði eða Kirkjumálasjóði.

b. 3. tölul. orðist svo:

3. Ennfremur leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, kjörinn af leikmönnum, sem sæti eiga á héraðsfundi, til fjögurra ára í senn, og skulu varamenn einnig kjörnir á sama hátt.

2. gr.

2. og 3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Prófastur stýrir kosningunni. Skal hún vera skrifleg og leynileg. Hver leikmaður skal rita eitt nafn á kjörseðil. Rétt kjörinn sem aðalmaður er sá sem flest atkvæði hlýtur. Nú hljóta tveir eða fleiri sama atkvæðamagn, og skal þá hlutkesti ráða úrslitum.

Kjör varamanns fer fram með sama hætti.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 7. gr. laga um biskupskosningu, nr. 96 31. desember 1980, sbr. lög nr. 91 22. maí 1997, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 13. júní 1997.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Hjalti Zóphóníasson.

Nr. 362

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1996.

Rekstrarreikningur ársins 1996.

	<i>Skýringar</i>	<i>Kr.</i>
Tekjur:		
Vegna sölu forsetamyntar 1996		<u>300.000</u>
Tekjur alls		300.000
Gjöld:		
Fjöldi umsókna	2	5.000.000
Niðurfelling styrkja		(140.000)
Ýmis kostnaður		<u>233.193</u>
		5.093.193
Fjármunatekjur - fjármunagjöld:		
Vaxtatekjur	3	1.476.526
Sala spariskírteina	4	4.810.519
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	<u>(1.019.572)</u>
Fjármagnstekjur nettó		<u>5.267.473</u>
Tekjur umfram gjöld (Tap)		<u><u>474.280</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 1996.

Eignir:	Kr.
Veltufjármunir:	
Bankainnstæða	0
Veltufjármunir samtals	<u>0</u>
Langtímakröfur:	
Spariskírteini ríkissjóðs	63.964.550
Langtímakröfur samtals	<u>63.964.550</u>
Eignir alls	<u>63.964.550</u>
Skuldir og eigið fé	
Skammtímaskuldir:	
Skuld hlr. 40091	109.655
Óhafnar styrkveitingar	<u>950.000</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>1.059.655</u>
Höfuðstóll:	
Höfuðstóll 1. janúar 1996	61.411.043
Endurmat	1.019.572
Tekjur umfram gjöld (Tap)	<u>474.280</u>
Samtals	<u>62.904.895</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>63.964.550</u>

Skýringar með ársreikningi 1996.

Reikningsskilaaðferðir

- Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu neysluverðs innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun, að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar, myndar hækkanir verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 1.019.572 og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum.

Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspeglja þá raunvirðisrýrmun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

Vísitala í ársbyrjun	174,9
Meðalvísitala	177,1
Vísitala í árslok	177,8

- Á árinu 1996 voru veittir styrkir alls að fjárhæð kr. 5.000.000. Eftirfarandi aðilar hlutu styrki:

	kr.
Friðlýsingarsjóður v/Náttúruverndarráðs	1.250.000
Þjóðminjasafn Íslands	1.250.000
Snorri Þorfinnsson ehf.	100.000
Húsfélagið Gudmanns Minde	200.000
Zontaklúbbur Akureyrar	150.000
Hólanefnd	150.000

Aðalgeir Egilsson		100.000
Héraðsskjalasafnið Ísafirði		150.000
Myndadeild Þjóðminjasafns		150.000
Héraðsnefnd Strandasýslu		150.000
Menntaskólinn í Reykjavík		200.000
Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn		150.000
Þjóðskjalasafn Íslands		50.000
Minjasafn Egils Ólafssonar		50.000
Héraðsskjalasafn Árnesinga		150.000
Ljósmyndasafn Austurlands		100.000
Birna Gunnarsdóttir		50.000
Hringurinn, kvenfélag í Reykjavík		200.00
Heiðursrit helgað Gísla Jónssyni		150.000
Framkvæmdanefnd Skrúðs		200.000
Fuglaverndarfélag Íslands		50.000
		<u>5.000.000</u>
3. <i>Fjármagnstekjur</i>	<i>1996</i>	<i>1995</i>
v/bankainneigna	2.376	42.103
v/spariskírteina	<u>1.474.150</u>	<u>2.300.280</u>
	<u>1.476.526</u>	<u>2.342.383</u>

4. *Spariskírteini*

Í upphafi árs var spariskírteinaeign sjóðsins í 2. fl. 1984 að nafnverði 7 m.kr. Uppreiknað og bókfært verð var kr. 62.490.400. Á árinu voru seld spariskírteini að nafnverði kr. 500.000 og að söluverði kr. 4.810.519 til að standa undir úthlutun styrkja ársins og tilfallandi kostnaði. Í árslok var því spariskírteinaeignin að nafnverði kr. 6,5 m.kr. sem nam uppreiknað kr. 63.964.550.

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1996 og efnahagsreikningi 31. desember 1996 ásamt skýringum 1-4.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1996 og efnahag 31. desember 1996.

Ríkisendurskoðun, 28. maí 1997.

Sigurður Þórðarson.

Áritun stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 15. maí 1997.

Hulda Valtýsdóttir.
Björg Einarsdóttir.

Birgir Ísleifur Gunnarsson.
Björn Teitsson.

Sveinbjörn Hafliðason ritari.